

Fjölbrautaskólinn við Ármúla	
Fundargerð skólanefndarfundur	

Fundinn sátu:	Sigríður Ragna Sigurðardóttir (formaður skólanefndar), Gústav Adolf Bergmann Sigurbjörnsson (aðalmaður skv. tilnefningu Reykjavíkurborgar), Petra Bragadóttir (aðalmaður án tilnefningar), Pétur Pétursson (aðalmaður án tilnefningar), Magnús Ingvason (skólameistari), Krístrún Birgisdóttir (aðstoðarskólameistari og fundargerðarritari), Edda Björg Benónýsdóttir (fjármálastjóri), Róbert Örvar Ferdinandsson (fulltrúi kennara), Jenný Steinarsdóttir (fulltrúi foreldra) og Melkorka Rut Sigurðardóttir (fulltrúi nemendafélagsins).
Forföll:	Margrét Sanders (Aðalmaður án tilnefningar).
Staður:	Fundarherbergi stjórnendagangi
Dags og tími:	18.10 2023, klukkan 12:00

Dagskrá fundar:

1. Skólastarfið
2. Fjármál skólans
3. Önnur mál

Sigríður setti fundinn og gaf skólameistara orðið.

1. Skólastarfið

Alls hófu 930 nemendur nám í dagskóla í upphafi haustannar. Þetta er mesti fjöldi sem komið hefur í skólann á síðustu árum. Sífelld fleiri, nýnemar, velja skólann í 1. eða 2. vali sem er ánægjuleg þróun. Af þeim sem hófum nám á haustönn voru 270 sem voru að koma beint úr grunnskóla sem er um 100 fleiri nemendur en í fyrra.

200 nýnemar tóku þátt í nýnemaferð en að þessu sinni var haldin á Akranesi.

Alls voru teknir inn 14 nemendur á sérnámsbraut þetta haustið og hefur nemendum á sérnámsbraut fjölgað úr 33 í 40.

Metþátttaka var í sumarfjarnáminu hjá okkur, en alls voru 930 nemendur skráðir í sumarfjarnám. Á undanförunum sumrum hefur fjöldinn verið á milli 600-700 sem er sömuleiðis ánægjuleg þróun. Á þessari önn eru 1773 nemendur skráðir í fjarnám og eru þeir í alls 12.558 sem er u.þ.b. tveir áfangar á hvern nemanda.

Skólinn tók, eins og áður hefur verið rætt, við Námskrafti í ágúst. Með verkefninu bættust sex nýir starfsmenn við skólann. Í Námskrafti stunda nú 27 nemendur nám en starfstöð verkefnisins er á Suðurlandsbraut.

Frá og með næstu haustönn mun nám fyrir sjúkraflytningafólk verða kennt við skólann, en nýlega bárust tilmæli þess efnis frá menntamálaráðuneytinu. Skólinn fær styrk til að gera námsskrá fyrir þetta nám.

Við fengum í síðustu viku viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, en það er Félag kvenna í atvinnulífinu sem veitir viðurkenninguna fyrir jafnt hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar, en þar eru á tveir karlar og þrjár konur.

Það er talsvert um erlend samskipti þessa dagana. Ýmis erlend verkefni eru í gangi. Bæði fáum við margar heimsóknir og eins fara bæði kennarar og nemendur til útlanda. Á föstudag skrifuðum við undir samning um að verða systurskóli framhaldsskóla í Kagohima í Japan. Við ráðgerum ferð þangað með nemendur.

Við héldum Skólafund fyrir skömmu, en það er lýðræðisvettvangur nemenda skólans. Nemendur komu með ýmsar hugmyndir um kennslu, námsmat, aðstöðu, félagslíf og fleira.

Tókum upp INNU-kennslukerfið í gagnið á þessari önn. Áður með Moodle-kennslukerfi. Nemendur og foreldrar.

Skipuð hefur verið ferðanefnd og ráðgert er að starfsmenn skólans fari erlendis í skólaheimsókn í vor.

Skólameistari og aðstoðarskólameistari fara næstu daga á ESHA ráðstefnu evrópskra skólastjórnenda sem haldin verður í Króatíu.

Fjárheimildir til okkar á næsta ári verða að mestu óbreyttar frá þessu ári, með um 4% hækkun framlaga vegna launabreytinga. Raunveruleg staða kemur þó ekki fram fyrir en við 2. umræðu fjárlaga sem fram fer fljótlega.

Félagslíf nemenda hefur verið með líflegasta móti þessa önn. Melkorka fulltrúi nemenda sagði stuttlega frá því helsta sem hefur verið á döfinni á vegum nemendafélagsins þessa önn.

2. Fjármál

Fjármálastjóri sagði ekkert óvænt vera að gerast er varðar fjármál skólans. Skólinn hefur verið rekinn innan fjárheimilda. Edda nefndi að fjarnámið væri örlítið meira en von var á og einnig væri rekstur sérnámsbrautar hærri en gert var ráð fyrir. Hvort tveggja skýrist af fjölgun nemenda. Edda sagði að aukakostnaður væri oft fljótur að hækka og nefndi sem dæmi að kennarar fengu skv. kjarasamningi greidda 7 yfirvinnutíma fyrir að semja sjúkrapróf fyrir útskriftarnemendur en ekki er hægt að sjá fyrir fjölda þeirra prófa fram í tímann. Skólameistari nefndi að kostnaður vegna afleysinga væri töluverður en eins og gefur að skilja er erfitt að spá fyrir um veikindi sem kunna að koma upp á meðal starfsmanna.

3. Önnur mál

Sigríður ræddi um útskrift sem haldin var í vor. Hún sagðist sakna þess að ekki væri lengur ávarp/ræða frá neinum úr hópi Júbílanda og óskaði eftir því að sá siður yrði tekinn upp aftur. Petra nefndi að boðsbréf til Júbílanda hefði borist seint og því hefðu margir verið búnir að lofa sér í annað og því ekki geta mætt.

Magnús sagðist bæta úr því að boðsbréf yrðu sent tímalega. Hvað varðar ávarp frá Júbílant þá hefði þeim viðburði stundum verið sleppt. Rætt var vítt og breytt um gamlar hefðir og Magnús sagði að við hefðum áhuga á að skapa okkar eigin hefðir. Engin niðurstaða önnur en að passa að boðsbréf yrðu send út tímalega.

Petra lýsti óánægju yfir að ekki væri gert ráð fyrir sætum fyrir m.a. skólanefnd á útskrift. Krístrún benti á að óskað væri eftir staðfestingu frá kennurum og skólanefnd hvort þau ætluðu að mæta og gert væri ráð fyrir sætum fyrir þann fjölda sem áætlað er að koma á útskrift. Lítið væri hægt að gera í því ef einhverjir sem ekki voru búnir að tilkynna komu sína mættu síðan og tækju frátekin sæti.

Róbert nefndi að kennarar upplifðu aukið álag vegna yfirfærslu úr Moodle í kennslukerfi INNU. Hann sagði kennarafélagið hafa sent skólameistara innlegg er varðaði næstu fjárhagsáætlun skólans.

Magnús sagði að til stæði að klæða húsnæði skólans að utan til að viðhalda góðu ástandi hússins og fyrirbyggja myglu í húsnæði skólans.

Sigríður spurði um fjölda nýnema sem ekki töluðu orð í íslensku og lýsti yfir áhyggjum af álagi á kennara sem væru að kenna nemendum sem ekki kynnu tungumálið. Krístrún sagði að erfitt væri að sjá hverjir tilheyrðu þessum hóp þ.e. með umsóknum fylgja aðeins upplýsingar um einkunnir úr 10. bekk en ekki upplýsingar um hversu lengi nemendur hefðu verið á Íslandi. Rætt var um brotthvarf og tilfærslu nemenda sem færu í aðra skóla eftir eina eða eina og hálfa önn í FÁ.

Fundi slitið klukkan 12:56 og næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 6. desember klukkan 12:00.